

✉ Re: 202108146 - Ósk um umsögn

Búið til	10.12.2021 15:47:50
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.12.2021 15:47:49
Tilheyrir	📁 202111-0026 - Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna akstursípróttasvæðis í Skagafelli í Eyvindarárdal

Efni

Re: 202108146 - Ósk um umsögn

Upplýsingar

Sent	10.12.2021 15:47:49	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202111-0026 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 11. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um verkefnislýsingu fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna akstursípróttasvæðis í Skagafelli.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér verkefnislýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Stefnt er að því að breyta um skilgreiningu á landnotkun fyrir svæði í Skagafelli í Eyvindarárdal sem í dag er óbyggt svæði þannig að hægt sé að veita heimildir fyrir uppbyggingu mannvirkja tengt aðstöðu fyrir akstursípróttir á svæðinu.

Stefnt er að uppbyggingu brauta fyrir vélhjól sem eru samtals um 2,5 km að lengd og 6-8 m breiðar og brauta fyrir fjalla- og ENDURO hjól sem liggja um hlíðar fjallsins eftir kindagötum eins og það er orðað í verkefnislýsingunni. Ekki kemur fram áætluð lengd þessara hjólabrauta sem liggja um fjallið eða hvort þær séu staðsettar að öllu leyti innan áætlaðs skipulagssvæðis. Þá er stefnt að uppbyggingu félags- og aðstöðuhúsa, bílastæða og ökugerðis.

Ljóst er að skipulagsáformin fela í sér mjög mikla breytingu á lítt röskuðu svæði en Skagafell liggur milli Eyvindarárdals og Fagradals sem eru að mestu leyti óbyggðir dalir þó um þá liggja þjóðvegir. Landslag er þar að stærstum hluta lítt skert og gróðurlendi óröskuð. Norðan við áætlað skipulagssvæði er svæði á C-hluta náttúruminjaskrá „Austanverður Eyvindarárdalur“ sem hefur hátt náttúruverndargildi vegna landslags, jarðminja og gróðurs og er útivistarsvæði með takmörkuðum innviðum fyrir útivist og nær engum mannvirkjum sérstaklega til móts við Skagafell.

Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á náttúrufari svæðisins sem er til umfjöllunar en Náttúrustofa Austurlands framkvæmdi athugun á gróðri og dýralífi í Eyvindarárdal austan við vegamót Fagradalsveggar og Mjóafjarðarveggar árið 2005 vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Það svæði liggur að áformuðu akstursíþróttasvæði og skarast við það að hluta sunnan Mjóafjarðarveggar. Í þeirri úttekt kemur m.a. fram að gróðurþekja á svæðinu sunnan við Mjóafjarðarveg er töluverð eða yfir 75% að stærstum hluta. Það á því við um hluta skipulagssvæðisins og þegar vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar er skoðað (NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://vistgerdakort.ni.is/>)) sést að stór hluti skipulagssvæðis er nokkuð vel gróinn og því ekki rétt sem kemur fram í lýsingunni að fjallshlíðar séu lítt grónar, það á fyrst og fremst við um efri hluta fjallshlíðanna. Mikilvægt er að lagt sé mat á áhrif áformanna á gróðurþekju og vistgerðir svæðisins.

Einnig ætti að taka til skoðunar dýralíf á svæðinu. Í sömu úttekt Náttúrustofu Austurlands frá 2005 kemur fram að fuglalíf í Eyvindarárdal er töluvert þó þéttleiki sé ekki mikill en 15 tegundir fugla sáust í athuginni. Þar á meðal eru tegundir á valista eins og fálki og hrafn. Einnig er vitað af fleiri tegundum þar á veturna t.d. rjúpu. Það er niðurstaða úttektarinnar að Eyvindarárdalur hafi töluverða þýðingu fyrir fugla sem fæðu- og dvalarsvæði og sem varpland. Í úttektinni kemur líka fram að hreindýr halda sig á þessu svæði og refir sömuleiðis. Skýr ummerki voru um slíkt árið 2005 (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl., 2006). Náttúrufræðistofnun telur að leita ætti til Náttúrustofu Austurlands um að kanna stöðuna í dag varðandi dýralífið til að fá nýrri upplýsingar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er áætluð uppbygging akstursíþróttasvæðis mjög á skjön við eðli svæðisins í dag sem friðsælt, óbyggt og að mestu óraskað svæði, í návist við náttúruverndarsvæði. Uppbyggingunni mun fylgja mikið rask í hlíðum Skagafells, og breytingar verða á ásynd og landslagi sem sjást munu frá ólíkum áttum ekki síst því svæðið er nálægt vegamótum. Þá mun starfsemi fylgja hávaði, ljósmengun og aukin umferð, sem getur truflað bæði útivist á nálægum svæðum m.a. innan náttúruverndarsvæðisins, en einnig dýralíf t.d. fugla, refi og hreindýr. Nauðsynlegt er að gera úttekt á náttúrufari svæðisins, gróðurfari og lífríki til að hægt sé að leggja betra mat á umhverfisáhrif áformanna.

Almennt er það álit Náttúrufræðistofnunar að starfsemi af þessum toga eigi síður að vera staðsett á svæðum eins og þessu sem eru lítið röskuð, þar sem ásyndaráhrif eru líkleg til að vera meiri og þar sem meiri líkur eru á truflun fyrir lífríki. Frekar ætti að velja staðsetningar á raskaðri, manngerðari svæðum fjær búsvæðum villtra dýra.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
CC:
Subject: 202108146 - Ósk um umsögn
Date: 11.11.2021 21:27:53

Góðan daginn,

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn varðandi breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna akstursíþróttasvæðis í Skagafelli í Eyvindarárdal.

Greinagerð er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir 10. desember nk.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir
Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði
Sveitarfélagið Múlaþing
(354) 4 700 748
soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)
www.mulathing.is
(http://www.mulathing.is/)

Viðhengi

image001.gif (3 KB)

image002.png (5 KB)